

FORLÖG

Langamma mín Guðríður Eiríksdóttir fómst í snjóflóðinu mikla á Seyðisfirði á öskudegi 18. febrúar 1885. Hún var martráðskona á Hótel Íslandi og hafði hjá sér unga dóttur, Bergljótu, 10 ára gamla. Þær sváfu í kvistherbergi í þessu trausta timburhúsi. Þarna snemma um morguninn var Guðríður komin niður til starfa en litla stúlkan var enn uppi. Þá féll úr Bjólf-inum snjóflóð sem átti upptök sín alveg uppi í Kálfabotnum ofarlega í fjallinu og steiptist á húsin fyrir neðan. Það sópaði Hótel Íslandi og fleiri húsum út í sjó. Guðríður fómst en Begljót bjargaðist úr braki sem flaut úti á firði. Snjóflóðið lagði 15 hús í rúst, í því fórust 24 manns.

Guðríður var jarðsett í kirkjugarðinum á Dvergasteini. Hún var fædd 4. maí 1841 og því 43 ára þegar hún lést. Guðríður átti fjórar dætur með manni sínum Sigurði Guttormssyni. Þau bjuggu í Kollstaðagerði á Völlum á Fljótsdalshéraði. 1878 dró ský fyrir sólu, Sigurður veiktist og dó úr lungnabólgu. Sagan segir að hann hafi verið kallaður fram í bæjardyrnar, hann stigið heitur upp frá vefstólnum og ofkælst á tali við gestinn.

Þegar húsbóndinn var fallinn frá leystist heimilið upp. Guðríður hélt yngstu dótturinni hjá sér en þær eldri fóru til ættingja.

Samkvæmt Íslendingabók átti Guðríður fimm alsystkini sem urðu fullorðin (af 13 sem fæddust) og einn hálfbróður sammæðra. Svo móðir hennar Þóra Árnadóttir hefur átt 15 börn og ekki verið fisjað saman. Hennar móðir var Hallgerður Grímsdóttir sem fædd var 1789 á Seljalandi í Fljótshverfi og flutt hreppaflutningi austur til ættingja á Héraði þegar faðir hennar dó en þá var hún ársgömul. Sagt er að hún hafi verið komin nokkuð á legg þegar hún náði fram.

Einn bróðir Guðríðar var Jónas Eiríksson, skólastjóri á Eiðum. Synir hans voru nefndir Eiðabræður og voru þeir allir nokkuð sérstakir náungar. Frændi minn Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur á Egilsstöðum, hefur safnað saman efni um þetta fólk. Í bréfi til mín skrifaði Helgi: “Þar sem þú ert svo fundvís á heimildir, viltu þá ekki reyna að komast að því hvernig Friðrik Eiríksson langömmubróðir gat “orðið úti” á Fjarðarheiði í júní. Það hlýtur að vera getið um það í Austfjarðarblöðunum.”

Hvattur áfram af þessu skjalli hófst ég strax handa. Auk þess hefur dauði í snjó verið mér hugleikinn um nokkurt skeið eða frá því að kona mín, Kristín Steinsdóttir, fór að skrifa skáldsögu sína um Bjarna-Dísu sem lét lífið á leið sinni af Héraði til Seyðisfjarðar. Bjarna-Dísa er grafin í kirkjugarðinum á Dvergasteini.

Fyrst komst ég að því að Friðrik hafði farist sama árið og systir hans. Friðrik í júní. Hún í febrúar. Friðrik var fæddur 1843 og því 42 ára þegar hann lést. Þá fann ég í Norðanfara sem gefin var út á Akureyri eftirfarandi frétt:

NORÐANFARI 1. ágúst 1885 (Akureyri)

INNLENDAR FRJETTIR.

Seyðisfirði. 8/7 -85. „Almennar frjettir eru fáar hjeðan. Tíðin mjög óstillt og fremur köld. Norðan- og austan illveður

með þokum. Síldaraflí hefir verið góður í lagnet og svo hafa Norðmenn einnig fengið nokkuð í nætur; þar af leiðandi hefir beita verið nægileg og fiskaflí ágætur optast, þó mest ísa. Í Borgarfirði hefir verið ágætur afli, mest af þorski, og eru þar mikið brúkuð handfæri, sem eru, eins og menn þekkja, ólíkt handhægri en lóðirnar. Illa lítur út hjer með gróður einkum á úthaga og allir spá því, að afrjettar fje verði mjög rírt, bæði vegna megurðar í vor og svo hvað seint tekur upp til afrjettanna. Það er nú einmitt þessa dagana verið að færa frá hjer í hjeraðinu, og er nú víst lítill lambahópurinn hjá sumum, en því betur eru þó víst margir sem ekki hafa mikið misst af lömbum. Kvef, magaveiki og handarmein ganga hjer nú sem stendur, og er það vanalegt um þetta leyti. Engir nafnkenndir hafa þó dáíð. Nýlega varð úti (sjá Austra) merkur bóndi úr Fljótsdal Friðrik Eiríksson frá Langhúsum. Hann lagði drukkinn hjer upp á Fjarðarheiði og var svo skilinn eptir á gaddinum af 2 samferðamönnum sínum; sannast hjer fyllilega hið gamla orðtæki: „Enginn er annars bróðir í leik”.

Ög þá fletti ég Austra þar til ég fann frásögnina sem vitnað er til í Norðanfara. Hún var eins og hér fer á eftir.

AUSTRI 23. júní 1885 (Seyðisfjörður)

Seyðisfirði 21. júní.

— S l y s . 19. þ. m. lögðu 3 menn upp úr Seyðisfirði á Fjarðarheiði, og voru að sögn ölvaðir.

Nóttina eptir rakst maður er fór ofan yfir heiðina, á einn þeirra milli svo nefndra Stafa, þar sem hann lá berhöfðaður og berhentur í snjónum. Var hann þá með lífsmarki en andaðist skömmu seinna. Maðurinn hafði nefnilega lagzt fyrir og kuldi og bleyta orðið honum að bana. Hinir samferðamennirnir höfðu víst yfirgefið hann, ófæran og illa til reika. Maðurinn hét Friðrik Eiríksson bóndi frá Langhúsum í Fljótsdal. Þetta er aðvarandi

dæmi fyrir menn að leggja ekki
ölvaðir á fjöll, eins og það er
sorglegur vottur þess, hversu
skeytingarlausir sumir eru, jafnvel
þótt um líf annara sé að gera.

Friðrik var skilinn eftir á milli Stafa og hefur því átt eftir góðan spöl upp á Fjarðarheiði sem tekur við fyrir ofan Efri-Staf. Stafirnir sem liggja þvert á leiðina eru brattir en á milli þeirra er talsvert dalverpi. Skammt frá þjóðleiðinni er þar Dísubotn en í honum mætti Bjarna-Dísa örlögum sínumt í nóvember 1797. Hún og Bjarni bróðir hennar höfðu hrakist af Vestdalsheiði niður Stafdal en Dísa orkaði ekki lengra. Hún gróf sig í fönn en Bjarni braust niður í Seyðisfjörð til að sækja hjálp. Hjá Dísu var brennivínskútur sem hún saup á til að halda á sér hita. Við látum það liggja á milli hluta og heima hvort eitthvað hafi verið eftir í kútnum og hún bætt á Friðrik þar sem hann lá hjá henni berhöfðaður og berhentur í snjónum.



Dalverpið milli Stafa 25. maí 2012, horft í suður frá mynni Stafdals sem liggur fyrir aftan myndatökumann. Efri-Stafur hægra megin (vestan), Neðri-Stafur tekur við vinstra megin (austan) þar sem myndin endar. Tvær gular örvar benda á vörður á gömlu þjóðleiðinni upp á Fjarðarheiði.

*19. júní þegar Eiríkur lagði góðglaður í sína hinstu ferð var samkvæmt frásögninni enn snjór á leiðinni. Sumarið 1885 var kalt og það voraði mjög seint eins og eftirfarandi frétt í **SUDRA** ber með sér:*

Reykjavík 31. júlí 1885.

Strandferðaskipið „Thyra” kom hingað vestan og norðan um land 20. þ. m. með fjölda farþegja, meðal þeirra J. Havsteen amtman. Fór héðan aptur í morgun.

Tíðarfar. Með strandferðaskipinu bárust mestu harðindatíðindi hvaðanæfa að: veðrátt ákaflega köld og grasleysi frábærilegt. Snemma í þessum mánuði var ekki leyst af tünnum víða eystra og í Þingeyjarsýslu. Víðast ekki hægt að reka geldfénað á fjall sökum gróðurleysis. Svo var næturfrostið mikið vestra, að tún kólu víða, þar sem af þeim var leyst og þau farin að grænka. Eystra og nyrðra gengu frost og snjóar allt af að öðru hverju þegar seinast fréttist. Málnytta sumstaðar nær því engin og víðast með minnsta móti. Núna í þessari viku hefur kaupafólk verið að koma hópum saman aptur að norðan, vegna þess að það hefur hvergi getað fengið vinnu.

Ekki virðist þessi dauðdagi Friðriks hafa haft eftirmála sem um er getið í blöðum. En í nokkurskonar árbók sem gefin var út í Reykjavík 1886 er sagt frá snjóflóðinu og getið um dauðsfallið á heiðinni. Þau systkini eru ekki nafngreind. Pistillinn í árbókinni um slysfarir og skaða er að mörgu leyti fróðlegur og fylgir hann allur hér á eftir.

FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI 1885 (Reykjavík) EPTIR JÓN STEINGRÍMSSON STUD. THEOL.

VII. Slysfarir og skaðar.

Snjóflóðið á Seyðisfirði og manntjón. — Eldsvoðar.

Slysfarir og skaðar urðu talsverðir og sumir á dæmalausan hátt, eins og hið voðalega snjóflóð á Seyðisfjarðaröldu 18. febr. Það kom kl. 8 um morguninn úr fjalli þar rétt fyrir ofan kaupstaðinn; voru menn ekki almennt risnir úr rekkju; dimmdi svo yfir, þegar snjóflóðið féll, að sýnilegur munur varð á birtu í kaupstaðnum; sópaði flóðið 15 íveruhúsum að miklu leyti út á sjó eða skildi þau eptir mölbrotin í fjörunni auk fjölda úthýsa; urðu eitthvað um 80 menn fyrir flóðinu og létust þar af 24, enn margir limlestust að auki; var hryllilegt að koma þar að: úr öllum áttum heyrðist óp og vein, og menn komu naktir alstaðar að um snjóinn. Helstur þeirra manna, er fórust, var cand. pharm. Markús lyfsali Ásmundsson Johnsen frá Odda (fæddur 1855); hann hafði fengið konungsleyfi 1883 til að setja lyfjabúð á Seyðisfirði og hafði þá nýlega lokið því, enn hún fór með öllu, er í var.

Eignaskaðinn var alls metinn á 55600 kr. fyrir utan atvinnumissi og skuldir; misstu margir þar aleigu sína; var þegar gengist fyrir samskotum bæði um Ísland, Noreg og Danmörku, og safnaðist allmikið fé til styrktar hinum bágstöddu og húsvilltu, og forstöðunefnd hallæris-samskotanna íslensku í Kaupmannahöfn sendi þangað 10000 kr. virði at þeim til útbýtingar. Alls voru samskotin orðin um 14000 kr., er síðast fréttist, mest af austur- og norðurlandi, og allmikið frá Noregi. Manntjón og skaðar af snjóflóðum urðu annars víðar, einkum á austurlandi, og stafaði það af hinni áköfu fannfergju, sem að framan er lýst (bls. 24). Þannig tók snjóflóð bæinn Naustahvamm í Norðfirði 26. febr. um nóttina; urðu þar 9 menn fyrir því, og náðust 6 þeirra úr fönninni eptir 7 klukkustundir, enn 3 létust. Auk þess fóru víða peningshús og hjallar í snjóflóðum.

Annars konar slys bæði á sjó og landi, sem vér höfum af frétt, voru: Í *jan.*: Um þrettánda-leytið fórst bátur í fiskróðri með 4 mönnum á Ísafjarðardjúpi. 22. drukknaði vinnukona úr Reykjavík í lækjarsprænu milli höfuðstaðarins og Laugarneslauganna; hún kom frá þvottum og bar þvottinn, eins og vani er, enn örmagnaðist undir honum í læknum. 31. drukknaði maður í Úlfisdölum norður; var að setja bát undan sjó. S. d. varð maður frá Stóru-Ökrum í Blönduhlíð úti á heimleið af Sauðárkróki; hafði lagt drukkinn af stað. Í *febr.* varð Skaptfellingur einn úti í Skriðdal milli bæja, og í fyrstu viku góu fórst bátur úr fiskiróðri með 4 mönnum frá Hnífsdal við Ísafjörð, og 2 menn urðu úti milli bæja frá Hraundal á Langadalsströnd að Melgraseyri um sama leyti. 6. varð smali frá Draghálsi úti í Svínadal í Borgarfirði. 7. varð 15 vetra stúlka frá Bollastöðum í Flóa úti milli bæja; var að sækja mjólk. Í mars fórst bátur með 4 mönnum á leið frá Bjarneyjum til Stykkishólms. Í *apríl* varð óvanalegt slys, þar sem vinnumaður einn frá Siglunesi nyrðra skaut annan vinnumann á sama bæ til bana, óviljandi þó. 21. fór bóndi frá Brúnavík eystra á heimleið úr Borgarfirði í sjóinn fram af hömrum og drukknaði. Í *maí* (18.) drukknaði Ásmundur bóndi Sæmundsson frá Flögu í Þistilfirði í lendingu á heimleið úr kaupstaðarferð. Í *júní* (11.) fórst bátur með 6 mönnum frá Nýjabæ á Seltjarnarnesi; 2 þeirra náðust þó lifandi, enn annar þeirra létst samdægurs. 19. varð bóndi einn úti á Fjarðarheiði eystra; hafði lagt upp á hana ölvaður með 2 öðrum eins, enn þeir svo yfirgefið hann eða týnt honum. Í *ágúst* (1.) drukknaði bóndi einn í Hofsa í Skagafirði. 9. drukknuðu 2 menn af ferju á Lagarfljóti; hafði hún verið hlaðin mjög, enn stórveður á.

16. drukknaði Bjarni bókbindari (Skúlason læknis) Thorarensen í Markarfljóti; var á skemmtiferð með 10 öðrum, á heimleið af Þórsmörk, enn reið á undan ógætilega í ófæru. Í *september* (14.) létst maður voveiflega í Reykjavík af steinshöggi. Í *nóvember* (24.) vildi það slys til í Reykjavík, að ferðamaður að austan, Gottskálf bóndi Einarsson frá Sogni í Ölfusi, saup á karbólsýruflösku hjá kunningja sínum í misgripum fyrir brennivínsflösku og létst af því. Í *desember* (4.) varð bóndi einn úti á Hrutafjarðarhálsi, og rétt fyrir jólin annar ungur bóndi, milli Keflavíkur og Grindavíkur, ölvaður. 15. fórst bátur með 3 mönnum á heimleið frá Mjóafirði til Ísafjarðar. Um veturinn hrapaði maður úr Hergilsey fram af hömrum skammt fyrir innan Geirseyrarkaupstað og beið bana af. Um sumarið hrapaði og maður til bana úr Látrabjargi við fuglveiðar; báðir voru þeir á unga aldri. — Nokkrar fleiri slysfarir kunna að hafa orðið, sem oss er eigi kunnugt um.

Slys og skaðar af eldsvoða voru þó nokkrir þetta ár. 20. jan. kviknaði í sölubúð (Bráðræði) einni í Reykjavík, enn varð slökkt; húsið skemmdist þó mjög og vorur brunnu að mun.

12. mars kviknaði og í húsi því í Reykjavík, er hin nýja prentsmiðja Sigmundar Guðmundssonar var í; í húsinu varð slökkt, enn öll prentáhöld ónýttust af eldganginum. Sigmundur fékk sér ný og betri prentáhöld þegar aptur um sumarið, því að hin eldri höfðu verið vel váttryggð.

13. mars brann að köldum kolum baðstofan á Víkingsstöðum í Vallanessókn með öllum þeim munum, er í vóru; þar á meðal geysimiklu af smíðatólum, er bóndinn, Sölfi smiður Jónsson, átti. Í september brann og bær og eldhús á Eyri við Skutulsfjörð með öllu, er í var. 3. okt. brann íbúðarhús á Auðnum á Vatnsleysuströnd, og brann þar inni eigandinn Magnús Þorkelsson, mesti dugnaðar- og merkisbóndi; annað fólk bjargaðist, enn fáum munum varð bjargað. Orsakir þessara eldsvoða eru óvísar.

Og hvað höfum við lært í hundrað ár? Enn falla snjóflóð sem verða fólki að aldurtila og enn leggja menn í sína hinstu för með Bakkus sér við hlið, - þó frekar á bíl en gangandi.

*Í slysfara pistlinum hér að ofan er sagt frá því að Ásmundur bóndi Sæmundsson frá Flögu í Pistilfirði hafi drukknað í lendingu á heimleið úr kaupstað. Það fer vel á því að ljúka þessari samantekt á nánari frásögn um þann atburð því á skáldlegan hátt lýsir hún vel valdi brennivínsins og örlögum líkum þeim sem Friðrik Eiríksson hlaut í sinni kaupstaðarferð. Frásögnina er að finna í bókinni **Endurminningar** eftir Friðrik Guðmundsson sem bjó á Syðra-Lóni á Langanesi áður en hann fluttist til Kanada með seinni konu sinni og börnum þeirra. Minningar sínar skrifaði Friðrik á blindraritvél, sem börnin gáfu honum þegar hann var orðinn blindur. Þær birtust fyrst sem pistlar í blaðinu **Heimskringlu** sem gefið var út í Winnipeg. Friðrik hefur nú lokaorðin:*

Það var glansandi sólskin, blíðalogn og bezta sumarveður þegar piltarnir í Flögu í Pistilfirði hrundu fram bátnum sínum til þess að fara í kaupstaðarferð austur á Þórshöfn. Leiðin var ekki löng, hægur tveggja tíma róður. Ferðamennirnir og félagsbræðurnir innanborðs voru þrír, þar á meðal Ásmundur faðir Valdimars. Öllum var þeim það jafneiginlegt og hughaldið að fá sér ofurlítið í staupinu þá komið var í kaupstaðinn, yfir lognsléttan hafflötinn, einum tvisvar eða þrisvar sinnum á ári, og við skulum ekki lá þeim þetta. Löngu og myrku vetrardægrin með knöppum og skornum skammti, óhjákvæmilegri ólund milli þessara tilbreytingarlausu moldarveggja, og áhyggjurnar út í heytosin þar sem daglega minnkuðu stabbarnir en allir munnarnir þurftu þó síns með, þar sem kærleikurinn til konunnar og barnanna horaðist daglega af því ekkert var hægt að láta eftir honum eða verma hann. Kaupstaðarferðin var því lífsnauðsyn, og hvað það var nú gaman að gleðja konuna sína og börnin, þó allt yrði nú að vera af skornum skammti, því skuldin mátti ekki verða meiri en svo að hægt yrði að borga hana, en húsbændurnir vissu vel, mundu það frá mörgum liðnum árum, að þegar þessi heimilisþörf og hugsvölun til konu og barna var komin í framkvæmd, þá var líka bundinn

blyþungur baggi á hug og herðar húsbóndanum, þangað til síðasti eyrir var goldinn. ”Í sorg og gleði sýp ég á, sextán potta kútnum.” Eina ráðið var að fá sér flöskuna, eða kannski kútinn. Sá er þó engra alla daga þræll sem einu sinn er sæll. Sprenglærðir lækarnir hafa þó morfínið til að draga úr kvölunum.

Piltunum í Flögu varð greiðfært í kaupstaðinn og lognið lofaði öllu góðu, og þeir mættu kátum og kenndum mönnum, og vissu það líka vel, að blóðið í æðunum þynnist og stíflurnar losna, byrðarnar léttast og snarræðið vaknar, og þeir fengu sér umsvifalaust í staupinu. Það fór eins og þeir áttu von á, áhyggjurnar hurfu, sumarið blíðkaðist og sólin varð bjartari, byrðarnar léttari og svörin á reiðum höndum. Þeir hlóðu bátinn og héldu heimleiðis. Lognið entist allan daginn. Ásmundur var þeirra elztur og óþolnastur orðinn, hann lagði sig því út af í skutinn og sofnaði strax út frá hjúkrunarhöndum lífsvatnsins og sólarinnar.

Hinir supu á flöskunni, og réru áfram upp að lendingunni heima hjá sér, en sjónin eða handtökin hvimuðu ofurlítið og báturinn rann upp á flúð, hallaðist og hálfylltist af sjó. Mennirnir stukku út, losuðu bátinn með heljartökum, og sulluðu með hann upp í fjöruna, svo öllu var óhætt nema Ásmundi, það flaut yfir hann sofandi í skutnum. Hann hafði vanizt verra en því að sofa í volgum sjónum, og rumskaðist ekki eða hirti um að setjast upp, og var því örendur þegar félagar hans komu til sögunnar.

11/1 2014 Jón Hálfðanarson